



Gagnaöflun um varanlega eyðingu skógar

skv. 19. gr. laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt

Varanleg eyðing skógar er þegar skógur er ruddur og annars konar landnotkun tekur við. Land og skógur óskar eftir gögnum um fyrirhugaða skógareyðingu skv. eftirfarandi:*

Staðsetning (staður og hnit) _____

Flatarmál svæðis _____

Tegund/kvæmi _____

Aldur skógar _____

Yfirhæð eða meðalhæð ríkjandi krónupaks _____

Rúmmál sem áformað er að fella og nýta, skipt í trjátegundir _____

Lífmassi þess skógar sem áformað er að ryðja _____

Jarðvegsgerð og jarðvegsþykkt í skóglendi sem áformað er að ryðja (þurrlandisjarðvegur, framræstur votlandisjarðvegur, óframræstur votlandisjarðvegur) _____

Tímasetning fellingar _____

Áformuð landnotkun að fellingu lokinni _____

Hvernig verður staðið að endurnýjun skógarins/mótvægisáðgerðum? _____

Samþykkt Lands og skógar

Skilyrði:

Tilkynna skal skipulagsfulltrúa Lands og skógar, pall.sigurdsson@landogskogur.is, að fellingu lokinni.

Tilkynna skal skipulagsfulltrúa Lands og skógar, pall.sigurdsson@landogskogur.is, að gróðursetningu lokinni.

Dags. _____

F.h. Lands og skógar,

19. gr. laga nr. 33/2019 Varanleg eyðing skóga.

Varanleg eyðing skóga að hluta eða í heild er óheimil.

Sé varanleg eyðing skógar óhjákvæmileg skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leitar um það efni umsagnar Skógræktarinnar.

Komi til varanlegrar eyðingar skógar skal framkvæmdaraðili ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið af eyðingu skógarins, með hliðsjón af markmiðum laga þessara, svo sem með endurheimt náttúruskógar eða ræktun nýrra skóga, og skal framkvæmdaraðili leita álits Skógræktarinnar á útfærslu mótvægisáðgerða. Mótvægisáðgerðir skulu hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu.

Sveitarfélag skal leita álits Skógræktarinnar á framkvæmd sem felur í sér varanlega eyðingu skógar áður en ákvörðun er tekin um útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákveði sveitarfélag að heimila framkvæmd sem Skógræktin leggst gegn í áliti sínu skal rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega.

Skýringar

Staðsetning (staður og hnit): Annað hvort þarf að senda í viðhengi kort sem hægt er að hnitsetja (merkt inn þekkt hnit á kortið) eða skrá úr landfræðilegu upplýsingakerfi (shape-skrá úr GIS-kerfi) sem sýnir stærð, lögun og staðsetningu skógarins.

Flatarmál svæðis: Gefið upp í hekturum með tveimur aukastöfum eða tilgreint í shape-skrá.

Tegund/kvæmi: Trjátegund ríkjandi tegundar. Ríkjandi tegund er sú sem hefur mest rúmmál, lífmassa eða grunnflöt á svæðinu. Ef kvæmi er þekkt er nauðsynlegt að birta þær upplýsingar líka til að hægt sé að meta varðveislugildi erfða-efnis. Ef hlutfall annarra tegunda er meira en 10% ber að geta þeirra líka. Tegund, aldur og yfirhæð segir til um þroska-stig skógarins, þ.e. hvort skógurinn telst hafa náð eðlilegri lengd vaxtarlotu miðað við tegund, aldur og yfirhæð.

Aldur skógar: Aldur frá gróðursetningu. Nægjanlegt er að gefa upp ártal gróðursetningar ef um er að ræða einaldra skóg sem samanstendur af einni gróðursetningu. Ef skógurinn er ekki jafnaldra skal gefa upp meðalaldur og geta þess. Ef aldur er óþekktur er hægt að fella tré og telja áhringi eða taka borsýni við rótarhál og geta þess hvernig aldur var fundinn. Tegund, aldur og yfirhæð segir til um þroskastig skógarins, þ.e. hvort skógurinn telst hafa náð eðlilegri lengd vaxtarlotu miðað við tegund, aldur og yfirhæð.

Yfirhæð eða meðalhæð ríkjandi krónupaks: Hæð ríkjandi trjáa nánar skilgreind sem hæð 100 sverustu (miðað við þvermál í brjósthæð) trjáanna á hektara, oftast mælt sem sverasta tréð á 100 fermetra mælfleti. Tegund, aldur og yfirhæð segir til um þroskastig skógarins, þ.e. hvort skógurinn telst hafa náð eðlilegri lengd vaxtarlotu miðað við tegund, aldur og yfirhæð.

Rúmmál sem áformað er að fella og nýta, skipt í trjátegundir: Um er að ræða rúmmál trjábols með berki en án topp- og stubbrúmmáls. Greina skal frá tegundaskiptingu niður að 10% hluta eða að lágmarki skiptingu í ættkvíslir, s.s. birki, greni, fura o.s.frv. Þannig að hægt sé að reikna út lífmassa og barkarhlutfall bolviðarins.

Lífmassi þess skógar sem áformað er að ryðja: Með skógfræðilegum mælingum er áætlaður sá lífmassi sem fjarlægð-ur er með eyðingu skóga, ofan- og neðanjarðar. Magn er gefið upp í tonnum.

Jarðvegsgerð og jarðvegsþykkt í skóglendi sem áformað er að ryðja: Tilgreina þarf hvers konar jarðvegur er á viðkomandi svæði þar sem áformað er að eyða skógi og hversu þykkur þessi jarðvegur er. Einkum er litið til þess hvort þar er þurrlandisjarðvegur, gamall votlandisjarðvegur á framræstu landi eða óframræstur votlandisjarðvegur.

Tímasetning fellingar: Upphafs- og lokatími fellingar, gefinn upp með mánaðarnákvæmni.

Áformuð landnotkun að fellingu lokinni: Ef haldið er áfram að rækta skóg á svæðinu er svarið hér „óbreytt“ og nán-ari útlitun óþörf. Ef aftur á móti er um að ræða breytingu yfir í aðra landnýtingu en skógrækt telst skógareyðingin varanleg. Þá þarf að segja til um landnýtingu eftir að skógurinn hefur verið fjarlægður, s.s. vegstæði, byggingarsvæði, jarðrækt (túnrækt eða önnur jarðrækt) o.s.frv. Getið þarf þess hvort framkvæmdin hefur í för með sér jarðrask þar sem jarðvegur er fjarlægður. Varanlega skógareyðingu þarf að samþykkja hjá fleirum en Skógræktinni. Sjá efni um varan-lega skógareyðingu í ritinu *Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga á vef Skógræktarinnar*, skogur.is. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er varanleg skógareyðing tilgreind sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort fram-kvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum (sjá lið 1.06 í 1. viðauka við lög nr. 106/2000).

Hvernig verður staðið að endurnýjun skógarins/mótvægisáðgerðum?: Með endurnýjun skógarins er átt við það hvernig skógur vex upp á ný eftir fellingu, t.d. með gróðursetningu trjáplantna. Þarf þá að geta þess í umsókninni hve-nær og hvað skuli gróðursett í staðinn. Ef mikið er um sjálfsáningu eða kynlausa æxlun með stiklingum og rôtarskot-um og ætlunin er að treysta á slíka náttúrulega endurnýjun skal þess getið. Jafnframt hve langan tíma áætlað sé að taki að ná fullnægjandi þéttleika og hvað sé átt við með fullnægjandi þéttleika (fjöldi á hektara). Ef um er að ræða varanlega skógareyðingu er hún ekki samþykkt nema lögð sé fram áætlun um mótvægisáðgerðir. Þær áðgerðir skulu felast í ræktun á skógi sem hefur í för með sér svipaða bindingu kolefnis og sá skógur sem var eytt. Sýna þarf staðsetningu með sömu nákvæmni og lýst er hér að ofan.